

# Byggingargátt

- Mannvirkjastofnun – rafrænt gagnasafn
- Byggingargátt - meginmarkmið
- Byggingargátt - byggingareftirlit
- Byggingargátt – hagtölur
- Byggingargátt - yfirlitsmynd
- Skyldur byggingarfulltrúa og byggingarstjóra
- Úttektarforrit – rafrænn skoðunarlisti
- Rafrænt byggingarleyfi
- Byggingargátt - dæmi um úrvinnslur

Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga - Byggingargátt  
Fundir Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar með sveitarfélögum í maí og júní 2019  
Sveinn Pálsson



# Mannvirkjastofnun – Rafrænt gagnasafn

Fyrstu heildarlög um byggingarmálefni sem náðu til landsins alls tóku gildi 1. janúar 1979. Byggingarlög, nr. 54/1978

Skipulags- og byggingarlög tóku gildi 1. janúar 1998. nr. 73/1997

Mannvirkjastofnun var stofnuð með Lögum um mannvirki nr. 160/2010

Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga um mannvirki, laga um byggingarvörur og laga um brunavarnir. Lög um mannvirki nr. 160/2010 5. gr.

Mannvirkjastofnun fer einnig með yfireftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

**Mannvirkjastofnun skal starfrækja rafrænt gagnasafn um mannvirki og mannvirkjagerð um land allt.** Lög um mannvirki nr. 160/2010 5. gr.

# Byggingargátt - meginmarkmið

Rafrænt gagnasafn Mannvirkjastofnunar skiptist í Rafmagnsöryggisgátt og Byggingargátt.

Byggingargátt er samtengd fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til mannvirkjalaga eru meginmarkmið með rafrænu gagnasafni af tvennum toga:

1. Að samræma og styrkja byggingareftirlit á öllu landinu.
2. Að ná fram samræmdum upplýsingum um framleiðslu í byggingariðnaði á hverjum tíma allt frá útgáfu byggingarleyfis.



# Byggingargátt - byggingareftirlit

Byggingareftirlit hefur ekki verið nægjanlega samræmt milli byggingarfulltrúaembætta og er framkvæmt með misjöfnum hætti.

Mannvirkjagerð er stór atvinnugrein á Íslandi sem veltir milljörðum króna á ári hverju og þar ríkir mikil samkeppni. Því er afar mikilvægt að þar sitji allir við sama borð og eftirlitið sé samræmt og fyrirsjáanlegt.

Með rafrænu gagnasafni með upplýsingum um allt byggingareftirlit og mannvirkjagerð á landinu, skoðunarhandbókum og leiðbeiningum er hægt að ná samræmingu byggingareftirlits og samræmdum upplýsingum um framleiðslu.

# Byggingargátt – hagtölur 1/2

Opinberar upplýsingar um framleiðslu í byggingariðnaði á hverjum tíma hafa verið af skornum skammti. Menn telja húsgrunna og byggingarkrana til að taka stöðuna í greininni.

Fasteignaskrá Þjóðskrár geymir mikilvægar upplýsingar um húsnæði sem hefur verið tekið í notkun og nýttast m.a. til álagningar gjalda. Upplýsingar á byggingartíma eru hins vegar ónákvæmar.

Samtímaupplýsingar eru mikilvægar fyrir skipulags- og húsnæðisáætlanir sveitarfélaganna og fyrir byggingariðnaðinn.


## Byggingargátt – hagtölur 2/2

Seðlabankinn, Hagstofan, Íbúðalánasjóður og aðrir greiningaraðilar kalla eftir áreiðanlegum samtímaupplýsingum til að unnt sé að greina stöðuna í greininni á hverjum tíma og fylgjast með þróun.

Í skýrslu átakshóps um bættu stöðu á húsnæðismarkaði frá 19. janúar 2019 kemur fram að stórauka þurfi samvinnu stjórnvalda og annarra sem koma að skipulags-, byggingar- og húsnæðismálum og að auka þurfi þátt rafrænnar stjórnsýslu í öllum ferlum.

Betri upplýsingar auka möguleika opinberra aðila (ríkis og sveitarfélaga) og byggingariðnaðarins sjálfs til að fylgjast með og stýra framleiðslu í samræmi við eftirspurn á hverjum tíma. Þetta ætti að hafa jákvæð áhrif í þá átt að draga úr hagsveiflum sem litað hafa íslenskt efnahagslíf á liðnum áratugum.

# RAFRÆN BYGGINGARGÁTT



# Skyldur byggingarfulltrúa 1/2

Byggingarfulltrúi skal sjá um að hönnunargögn, eftirlitsskýrslur, gátlistar, úttektarvottorð og önnur gögn sem ákvarðanir hans eru byggðar á séu færð í Byggingargátt. Lög um mannvirki nr. 160/2010 16. gr.

Byggingarfulltrúar og byggingarstjórar skulu við yfirferð hönnunargagna og framkvæmd áfanga-, öryggis- og lokaúttekta starfa í samræmi við ákvæði skoðunarhandbókar, skoðunarlista og stoðrita Mannvirkjastofnunar.

Byggingarreglugerð gr. 3.5.1

Niðurstaða hverrar skoðunar skal skráð í skoðunarskýrslu sem skal vistuð í Byggingargátt. Skýrslur um yfirferð hönnunargagna eru sendar hönnunarstjóra og viðkomandi hönnuði. Byggingarreglugerð gr. 3.5.1, 3.6.1 og 3.7.1



## Skyldur byggingarfulltrúa 2/2

Byggingarfulltrúi getur gert stöðuskoðun í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka hvenær sem er á meðan á framkvæmdum stendur. Leyfisveitandi skal taka mið af stærð, umfangi og áhættu einstakra framkvæmda við mat á tíðni stöðuskoðana. Byggingarreglugerð gr. 3.7.3

Komi við úttekt í ljós vanræksla byggingarstjóra og/eða iðnmeistara eða háttsemi af þeirra hálfu sem fer í bága við ákvæði laga um mannvirki og reglugerð þessarar ber byggingarfulltrúa að skrá málsatvik og feril málsins í gagnasafn Mannvirkjastofnunar. Byggingarfulltrúa ber að tilkynna Mannvirkjastofnun formlega um slík brot. Byggingarreglugerð gr. 3.7.5

Mannvirkjastofnun getur einnig að eigin frumkvæði tekið til athugunar, t.d. á grundvelli skráninga í gagnasafn stofnunarinnar eða ytri kvartana, hvort byggingarstjóri og/eða iðnmeistari hafi vanrækt hlutverk sitt.

# Skyldur byggingarstjóra

Byggingarstjórar framkvæma sjálfir áfangaúttektir frá 1. janúar 2019. Þetta gildir fyrir öll virk byggingarleyfi.

Byggingarstjóri annast áfangaúttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista þegar verkþátturinn er tilbúinn til úttektar. Byggingarreglugerð nr. 112/2012 gr. 3.7.1

Byggingarstjóri skal skrá niðurstöður áfangaúttekta í gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

Séu gerðar athugasemdir í skoðunarskýrslu skal byggingarstjóri sjá til þess að bætt verði úr og úttekt endurtekin.

Forsenda þess að byggingarstjórar geti sinnt þessari skyldu sinni er að byggingarfulltrúar hafi skráð grunnupplýsingar byggingarleyfis í Byggingargátt.

# Úttektarforrit - Rafrænn skoðunarlisti



Að frumkvæði byggingarfulltrúa hefur MVS fært skoðunarlista í úttektarforrit fyrir snjalltæki.

Byggingarfulltrúar geta notað forritið til að yfirfara uppdrætti með samræmdum hætti og að framkvæma stöðuskoðanir, öryggis- og lokaúttektir.

Byggingarstjórar nota forritið til að gera áfangaúttektir.

Úttektarforritið skilar niðurstöðum í Byggingargátt

# Rafrænt byggingarleyfi

Sveitarfélög geta ákveðið að taka upp rafræna byggingarleyfisumsókn og tengja við byggingargátt.

Rafræn umsókn um byggingarleyfi getur verið í þjónustukerfi (íbúagátt) sveitarfélags. Ef sveitarfélag er ekki með íbúagátt getur verið tengill á vefsvæði sveitarfélags sem færir umsækjanda á mínar síður MVS.

Með því að taka upp rafræna umsókn um byggingarleyfi og tengja við Byggingargátt er hægt að spara umsýslukostnað, umsækjandi og hönnuðir sjá um að koma gögnum í gáttina í stað byggingarfulltrúa.

Notuð eru rafræn skilríki og gert ráð fyrir rafrænum undirskriftum.

*Ef undirskrift er skilyrði réttaráhrifa samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða af öðrum orsökum fullnægir fullgild rafræn undirskrift ætíð slíku skilyrði.*

Lög um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001

# Byggingargátt - Rafrænt byggingarleyfi

Stjórnsýsla sveitarfélaga styrkist almennt með samræmdu verklagi við móttöku og afgreiðslu umsókna.


Byggingareftirlit styrkist almennt með samræmdum vinnubrögðum og notkun skoðunarlista og úttektarforrits.

Áreiðanlegar samtímaupplýsingar um framleiðslu byggingariðnaðarins eru nauðsynlegar fyrir hið opinbera, jafnt ríki sem sveitarfélög.









Betri upplýsingar gefa kost á betri áætlunargerð sem getur dregið úr hagsveiflum og minnkað óvissu í hagkerfinu. Lægri vextir?

Sveitarfélög þurfa að meta með skjalastjórum sínum hvaða gögn er nægjanlegt að geyma í Byggingargátt og hvaða gögn skuli einnig geyma í skjalasafni sveitarfélags.

# Rafræn umsókn um byggingarleyfi - dæmi



Mannvirkja  
stofnun

**Byggingarleyfi - samantekt**

**Byggingarleyfisumsókn - Byggingarleyfi**

**Búðarbraut 1**

Byggingarleyfisnúmer:

Fasi:

Staða:

Fastanúmer:

Matseiningarnúmer:

Athugasemdir:

Eldhús og starfsmannaaðstaða byggt

Tegund:

Aðal byggingarefni:

**Skráðir eigendur: 1**

**Nafn**

Dalabyggð

**Tengdir aðilar**

**Nafn**

Sveinn Pálsson

Sveinn Pálsson

Stefán Örn Stefánsson

**Stefán Örn Stefánsson**

**Tengd byggingarleyfi**

**Númer** **Staða**

Engin byggingarleyfi eru tengd þessu

**Fylgigögn**

Dags.	Tegund	Skýring
01.02.2019	Gögn er sanna eignarheimildir	Eignarheimild.pdf
01.02.2019	Tilkynning um hönnunarstjóra	Tilkynning um hönn
01.02.2019	Skráningartafla	Excel skjal
01.02.2019	Skráningartafla	Skraningartafla.pdf
01.02.2019	Aðaluppdrættir	Leifsbud_100hL.pdf

**Gáttlisti**

**Fylgigögn.**

Aðaluppdrættir

Ábyrgðayfirlýsing byggingastjóra

Ábyrgðayfirlýsing iðnmeistarara

Áætlun um flokkun byggingarúrgangs

Áætlun um flokkun niðurrifsúrgangs

Breyting á eignaskiptum

Bréf eiganda/hönnuðar

Greiðsla gjalda

Gögn er sanna eignarheimildir

Hæðerblað

Frákvæmda og verkáætlun, skil uppdráttar

Mæliblað

Samþykki granna

Samþykki meðeiganda

Séruppdrættir

Skoðunaskýrsla aðaluppdráttar

Skoðunaskýrsla séruppdráttar

Skráningartafla

Staðfesting skipulagsfulltrúa að frákvæmd sé í samræmi við skipulag

Tilkynning um hönnunarstjóra

Umsögn húsafríðunarstofnunar

01.02.2019 15:39:24 Um er að ræða hús byggt fyrir 1925 -> af

Umsögn minjastofnunar

**Samþykkt byggingaráforma - Samþykkt byggingaráforma**

**Búðarbraut 1**

Byggingarleyfisnúmer:	BL201902-00002	Sveitarfélagsnúmer:	3811
Fasi:	Samþykkt byggingaráforma	Póstnúmer:	370 Búðardal
Staða:	Samþykkt byggingaráforma	Staður:	Búðarbraut 1
Fastanúmer:	2117201	Landnúmer:	137610
Matseiningarnúmer:	010101	Stofnað:	01.02.2019
Athugasemdir:		Breytt:	01.02.2019
Eldhús og starfsmannaaðstaða byggt við eldra hús			

Tegund:	Stofnanir	Undirtegund:	Söfn og sýningahúsnæði
Aðal byggingarefni:	Tímur	Frákvæmd:	Viðbygging

**Skráðir eigendur: 1**

Nafn	Kennitala	Hlutfall
Dalabyggð	5106942019	100

**Tengdir aðilar**


Nafn	Hlutverk	Kennitala	Sími
Sveinn Pálsson	Hönnunarstjóri	1012612209	8644647
Sveinn Pálsson	Umsóknaraðili	1012612209	8644647
Stefán Örn Stefánsson	Hönnuður aðaluppdráttar	1401474519	
Stefán Örn Stefánsson	Hönnunarstjóri	1401474519	

**Tengd byggingarleyfi**

Númer	Staða	Frákvæmd	Stofnað
Engin byggingarleyfi eru tengd þessu byggingarleyfi			

Mannvirkja stofnun

# Byggingargátt – Staðan í byrjun maí 2019



Byggingarstjórar hafa skilað inn rúmlega 1.000 áfangaúttektum í 33 sveitarfélögum


Búið er að skrá rúmlega 900 byggingarleyfi í Byggingargátt

Af 51 byggingarfulltrúum hafa 32 skráð byggingarleyfi í Byggingargátt 45 af 72 sveitarfélögum

Átta sveitarfélög eru tilbúin/að verða tilbúin til að taka á móti rafrænni umsókn um byggingarleyfi


Byggingarfulltrúar 24 sveitarfélaga eru byrjaðir að skila inn úttektum skv. skoðunarlistum

# Byggingargátt – Dæmi um úrvinnslur





# Byggingargátt – Dæmi um úrvinnslur



# Byggingargátt

Sveinn Pálsson  
Byggingarverkfræðingur MSc  
Byggingarsvið  
sveinn@mvs.is  
GSM 864 4647



Skúlagötu 21 • 101 Reykjavík  
Sími: 591 6000 • mvs@mvs.is • www.mvs.is

Takk fyrir